

Háskóli Íslands, heimspeki- og sagnfræðideild.

Námskeið haust 2014: Ímyndir Íslands og Grænlands á miðöldum.

Kennari: Sumarliði Ísleifsson.

**Hvað einkenndi samskipti Íslendinga og Grænlandinga fram undir miðbik tuttugustu aldar?**

Nemandi: Arnar Sverrisson (290451-4859).

Dagsetning: 19. nov. 2014.

## Inngangur

Í hugum Íslendinga um þessar mundir er Grænland risastóra eyja. Grænland er margfalt stærra en Ísland, en þar búa nú einungis um fjórtíu þúsund manns af blönduðum toga, enda þótt grunnstofninn sé af bergi Eskimóa brotinn. En svo var ekki raunin fyrir ellefu hundruð árum. Grænland þeirra tíma var einkum byggð norrænna manna á suðvesturhorni hinnar gríðarstóru eyju, ásamt veiðistöðvum þeirra, Norðursetu, tæprar viku siglingar í norður, og ámóta veiðistöðvum Íslendinga á austurströnd landsins. Hið norræna landnám átti sér stað frá Íslandi, aðallega úr sveitum Breiðafjarðar og Borgarfjarðar, ef að líkum lætur. Fremstur fór þar í flokki Eiríkur rauði, landnámsmaður með föður sínum á Hornströndum, sem hafði tekið sig upp og flutt sig í Dalina við innanverðan Breiðafjörð. Fornar heimildir íslenskar af ýmsu tagi herma, að hið eiginlega landnám hafi hafist, þegar um fjórtíu förum var ýtt úr vör við Breiðafjörð um 986 (1). Afkomendur þessa fólks voru lengi vel kallaðir Grænlandingar í íslenskum ritum og væntanlega í mæltu máli á Íslandi fram eftir öldum. Óvíst er um aðra frumbyggja við landnám norrænna manna á Grænlandi. (2) Hugsanlega hafði fólk af svipuðu kyni og Grænlandingar hinir fornu hittu fyrir í Kanada (Hellulandi, Marklandi og jafnvel Vínlandi) og nefndu Skrælingja, hreiðrað um sig nálægt nyrstu slóðum hins norræna heims. Talið er, að byggð norrænna manna hafi lognast út af á fimmtánda öld. Það er hins vegar fyrst á níttjándu öldinni, að tengsl skapast við Grænlandinga af öðrum uppruna en norrænum.

Í þessari ritgerð verður fjallað um, hvað einkenndi samskipti íbúa Grænlands og Íslendinga. Eðli málsins samkvæmt, sbr. ofangreint, mun megináhersla annars vegar vera lögð á miðaldir, þar sem viðskipti norrænna Grænlandinga og Íslendinga verða í brennidepli, og annars vegar á samskipti þjóðanna um og eftir aldamótin níttján hundruð, þegar sjálfstæðisbarátta Íslendinga stóð sem hæst og deilur um eignarhald á Grænlandi voru háværar.

Áður en samskipti norrænna manna og Íslendinga verða skoðuð, væri ekki úr vegi að skýra nánar einstök hugtök og orðfæri, sem skipta máli í umræðunni.

### Af norrænu landnámi Grænlands og Skrælingjum.

Í íslenskum fornritum er á það minnst, að norrænir Grænlandingar hafi komist í kynni við fólk, sem þeir nefndu Skrælingja. Orðið hefur verið notað í niðrandi merkingu um aldir – einnig í sinni dönsku mynd, „Skrælling.“ Um þar síðustu aldamót voru Grænlandingar og Skrælingjar spyrtil saman í afar neikvæðum samanburði við Íslendinga. Í Ísafold sautjándá desember 1904 skrifar ónefndur íslenskur námsmaður í tilefni sýningar, er dönsk yfirvöld stofnuðu til:

Á sumri komanda er fyrirhugað að halda »nýlendu«-sýningu hér í Khöfn, og skulu þar sýndar menjar þjóðlífs og menningar meðal Blámanna í Vesturheimseyjum, Skrælingja á Grænlandi, F æ r e y i n g a o g - Í s l e n d i n g a. Sýningu þessa á að halda í Tivoli; þar á meðal annars að sýna: færeyska fjölskyldu, báta, veiðarfæri, húsdýr o. fl.; Blámannafjölskyldu og Blámannahýbýli; Skrælingjafjölskyldu og Skrælingjahýbýli; og loks íslenzkan bóndabæ með allri áhöfn, bæði fólki og fénaði; ennfremur íslenzk annboð, veiðarfæri, skrautgripi o. s.frv.

Námsmanni þessum er mikið niðri fyrir, greinilega innblásinn anda Íslendingasagna um ágæti hinnar íslensku þjóðar. Hann lætur móðan mása:

(1) Jón Dúason, Hvaða menn voru..., bls. 9-14. (1a) Sbr. Heiðar Guðjónsson. Norðurslóðasókn, bls. 26.

*Svo virðulegt sæti skipa Danir elztu mentaþjóð Norðurlanda í upphafi 20. aldar!*  
Skrælingi á aðra hönd og Blámaður á hina. Meðal auðvirðilegustu villiþjóða er íslenzkri (og færeyskri) menning markaður bás; og dönsk blöð tala digurbarklega um, að hér megi enn sjá nýjan vott um vaxandi áhuga og hlýtt þel til svörtu, grænlenzku, færeysku og Íslenzku »bræðranna«. (2)

Hætt er við, að hugsunarháttur nútíma Íslendinga litist af niðrandi orðanotkun á borð við þessa. Það á t.d. við um Flosa Ólafsson, sem skrifaði pistil í Þjóðviljann 1983: „Maður er þó einu sinni siðmenntaður maður en ekki skrælingi. Og ég get hætt [brennivínþambi] þegar mér sýnist. Ég hætti í þrjá mánuði í fyrra. Smakkaði ekki vín, nema um helgar - og á kvöldin.“ (3)

Raunar er orðið notað á svipaðan hátt hin allra síðust ár eins og eftirfarandi nútímaljóð íslenskt frá 2006 er dæmi um:

„Þegar ég var herbergisþerna -litu gestir á mig einsog ég væri skrælingi – dubbaður upp í korselett og pils – og það var rétt hjá þeim – og satt – ég var skrælingi í pilsu – þegar ég var herbergisþerna.“ (4)

Það skal ósagt látið, hvaða hugmyndir Bjarni Herjólfsson gerði sér, þegar hann fyrstur hvítra manna, hitti fyrir framandi mannverur í Ameríku. En samkvæmt túlkun Jóns Dúasonar (5) á texta Flateyjarbókar, gekk Bjarni til fundar við tvö kyn manna; Innfæðinga (eða einfætinga) og Skrælingja. Síðarnefndar heitið hefur eins og áður hefur fram komið, verið notað yfir frumbyggja Grænlands aðra en norræna. En var það notað í niðrandi merkingu af fornmönnum? Heiðar E. Geirdal færir rök fyrir því, að svo hafi ekki verið. Röksemdafærsla hans er hér rakin orðrétt, svo ekkert fari milli mála:

Orðið skrælingar, eins og Ari ritaði það, er fleirtala af skrælingur, en fornt nafn á þurru skinni er skrá. Orðið skrælingur er myndað af orðunum *skrá* og smækkunarendingunni *ling* með i-hljóðvarpi, og er því rétt myndað. Það virðist vera meira í samræmi við málvenju að nota sterku orðmyndina skrælingur en þá veiku: skrælingi, sbr. orðin: kettlingur, vettlingur, unglíngur, ljúflíngur o. s. frv. ...

Orðið skrá, í merkingunni skinn, er naumast, að almenningur þekki nú á tímum, en nokkur orð eru algeng, sem dregin eru af því; t. d.: skráþurr, skráveifa, skráfa og sagnirnar að skrá og skrásetja, sem hafa í fyrstu þýtt að rita á skrá (þ. e. skinn) og það, sem búið var að rita eða skrásetja (líkt og við köllum nú að skjalfesta) var kallað skráð. Af *skrá* er dregið orðið *skræða*...

Þá er næst að athuga, hvernig nafnið skrælingar á við þjóðflokkinn. Þegar Íslendingar og skrælingar hittast fyrst, stara þeir undrandi hvorir á aðra. Margt bar þarna nýtt fyrir augu. Íslendingarnir höfðu víða farið og margt séð, en eitt hið undarlegasta hefur þeim ef til vill þótt að sjá þessa smávöxnu menn ganga al-skinnaþvædda, jafnvel í brakandi þurrki og sólarhita. Föt þeirra hafa þá verið þurr og skorpin. Var þá ekki eðlilegt, að íslendingunum dytti i hug að kenna þá við skrá, um leið og þeir gáfu til kynna hinn lága vöxt þeirra með endingunni *ling(ur)*?...

(2) Ísafold, bls. 313 – (3) Þjóðviljin 1983, bls. - (?) Grapevine – (5) Jón Dúason. Hvaða menn voru ..., bls. 9-14.

„Við allt þetta má svo bæta því, að bátar þeirra voru úr skinnum. Enn fremur höfðu þeir enga vöru að bjóða nema skinn, en af þeim höfðu þeir mikið og margar tegundir. Þau voru vel verkuð og þurr. Þar var því um úrvals skrá að ræða. ...

Ég þykist nú hafa fært nægileg rök fyrir því, að hinir smávöxnu, skinnklæddu menn voru sannkallaðir skrælingar, því að orðið skrælingar þýðir raunverulega ekkert annað en skinnamenn. ...

Öllum þeim ritum, sem ég hef áður nefnt, ber saman um, að skrælingar og eskimóar sé sami þjóðflokkurinn og þarf varla að efast um slíkt. Eskimóar er Indíánamál og þýðir hráætur. Það tákna þá, sem éta hrátt kjöt. Ekki nær þetta betur einkennum flokksins en orðið skrælingar, og sízt tel ég það virðulegra. (6)

Samkvæmt Gísla Jónssyni kynni Jan de Vries að vera á öðru máli. Gísli segir:

Jan de Vries telur í upprunaorðabók sinni, að orðið sé norrænt og hefur ýmis önnur orð því til stuðnings. Sameiginlegt öllum þessum orðum er merkingin veiklulegur, rýr, lélegur. Liggur því beinast við að ætla að nafngiftin sé til komin vegna þess hverjum augum norrænir menn hafa litið þetta framandi fólk. ...

Vel kannast ég við þá skýringu, ... að skrælingi sé dregið af **skrá** í merkingunni þurrt skinn. Þá ætti -lingur að vera smækkunarending og skrælingi samkvæmt þessu lítill skinnklæddur maður eða eitthvað þvílíkt. Ég býst við að skrá sé skylt orðinu skrælingi, og Jan de Vries og Alexander Jóhannesson minna á skyldleika þessara orða. Mér er næst að halda að 1-hljóðið þarna tilheyrir fyrri hlutanum og viðskeytið sé -ingur, sbr. t.d. skrælna og skrælþurr, ennfremur norsku skrælen = veikur og skraal = lélegt verkfæri. Þá dettur mér í hug að þetta sé fjarskyllt orðunum skratti og skröggur. ...

Niðurstaða: I orðinu skrælingi (skrælingur) er viðskeytið -ingur fremur en -lingur. Orðið er myndað í óvirðingarskyni af framandi þjóð. Orðið eskimó(i) er úr indíánamáli og merkir þann sem étur hrátt (aski = hrár, mov = hann étur). (7)

Í Grænlandingasögu og sögu Eiríks rauða er ekki minnst á, að áðurnefndir Skrælingjar hafi búið í Grænlandi norrænna manna. Þó mun heitið koma fyrir í Historia Norwegiæ, en hún er skrifuð af norskum munkum, trúlega eftir íslenskum og grænenskum heimildamönnum. Heimildamenn þessar hafa talað sömu tungu. Á grundvelli skrifa Heiðars og Gísla virðist varla leika vafi á því, séð undir orðvenslalegu og málmyndunarlegu sjónarhorni, hljóti nafngiftin, Skrælingi, þegar í upphafi verið heldur niðrandi. Svipaða sögu mætti raunar segja af hinum frumbyggjum Grænlands. Í máli þeirra eru þeir einir menn, þ.e. ínúítar (innuit), en aðra aðskotadýr (kablúnakka). (8)

## Verslun og viðskipti Íslendinga og Grænlandinga á miðöldum.

Það er býsna algengt, þegar fundum fólks og þjóða ber saman, að greina að með hjálp persónuornafna, t.d. „ég“ og „þú“ eða „við“ og „hinir.“ Við sköpum okkur ímynd af „hinum,“ sem mætti túlka sem eins konar skuggamynd af okkur sjálfum. Manfred Beller orðar þetta vel. Ímynd er huglæg

... skuggamynd af Öðrum, sem virðist skilyrtur af einkennum fjölskyldu, hóps, ættbálks, þjóðar eða kynþáttar. Slík ímynd ræður álitum okkar á Öðrum og stjórnar hegðun okkar í garð þeirra. Menningarleg rof og frávik (sem stafa af tungumálum, hugarfari, hversdagslegum venjum og trúarbrögðum) verða kveikjan að jákvæðum eða neikvæðum dómum og ímyndum. ...

Frá því í árdaga haf kynni af öðrum menningarsvæðum, tungumálum og siðum stjórnast af valskynjun á því sem vekur forvitni, örvar ímyndaraflíð og kallar fram heillandi myndir í huga fólks. Mat á Öðrum er vitaskuld ekkert annað en endurspeglun á manns eigin sjónarhorni. (9)

En það er nærri óbrigðult, að þegar fólk af ólíkum toga tekur upp á því að umgangast hvort annað, rjástlast af því fordómarnir, því aflvakinn er óöryggið og hræðslan. Svo hefur væntanlega farið með samskipti „íslenskra“ Grænlandinga, Íslendinga og inuíta, en hér eftir mun það heiti vera notað um aðra frumbyggja Grænlands en þá norrænu.

Grænlandingar af norrænum uppruna hafa átt viðskipti við umheiminn í austri fram á fimmtánda öld, þegar byggð þeirra eyðist. Grænlandingar höfðu á boðstólnum ýmsan munaðarvarning, svo sem náhvals- og rostungstennur, svarðreipi (reipi úr rostungshúð), skinn ýmis konar, lifandi dýr eins og birni og fálka. Þessi varningur var eftirsóttur í Evrópu bæði af kirkju og konungum. Bestu fálkarnir voru kallaðir konungsgersemar. Báðir grænlandsku kynstofnarnir komu að veiðum, sem var undirstaða þessarar verslunar. Líklegt er talið, að norrænir Grænlandingar hafi stofnað til samstarfs við inuíta á norðurslóðum eða í námunda við Norðursetu, sem fyrr er nefnd. Meðal annars hníga að því málrök. Nokkur orð íslensk virðast hafa skotið rótum í íslensku (eða grænlandsku þeirra tíma), m.a. sem vísa til veiðimennsku.(10)

Helstu verslunarleiðir Grænlandinga virðast hafa legið um Ísland til Norðurlanda og Bretlands. Þannig má færa rök fyrir því, að Íslands hafi að töluverðu leyti orðið eins konar dreifingarstöð eða miðstöð verslunar Grænlandinga við aðra Evrópumenn. (?) Helgi Guðmundsson færir margvísleg rök fyrir því, að Breið- og Borgfirðingar hafi einkum sinnt þessu hlutverki á Íslandi, en Orkneyingar á Bretlandseyjum. Höfundur segir:

Þannig getur ýmislegt bent til þess, að Íslendingar og Orkneyingar hafi verið milliliðir í verzlun milli Grænlands og landanna fyrir vesta haf. Sú verzlun hefur verið ábatasöm. Þá er einnig líklegt, að Breiðfirðingar hafi átt töluverðan hlut í þeirri verzlun. Land í Orkneyjum er mjög frjósamt, og þar hefur verið gnægð korns og malts, sem var eftirsótt vara á Íslandi og Grænlandi. Vitað er, að efnahagur Orkneyinga stóð með miklum blóma á 12. öld, og verzlun með verðmætan varning frá Grænlandi getur

(9) Manfred Beller. Skynjun, ... bls. 12-13. – (10) Helgi Guðmundsson, Um haf innan, bls. 71-72. (11) Guðmundur J. Guðmundsson. Á hjara veraldar, bls. 75.

skýrt það að hluta. Um fyrri aldir brestur heimildir. Þetta hefur breytzt, þegar Grænlandssiglinar urðu erfiðari vegna kólnandi veðurfars á norðurslóðum um 1200, og ekki síðar en 1261, þegar Grænland féll undir Noreg. (12)

Helgi setur fram afar athyglisverðar hugmyndir, sem hljóta fyrir margra hluta sakir að fá góðan hljómgrunn. Hann dregur upp sennilega mynd af fortíð, þar sem íslenskir Grænlandingar eigi í (tiltölulega) friðsamlegu samstarfi við ínúíta um veiðar og jafnvel vinnslu sjávarafurða til útflutnings – einkum til Evrópu. Fyrstu íslensku landnemarnir komu vafalítið fyrst og fremst úr vestur héruðum Íslands og leiðalýsingar sjófarenda miðuðust gjarnan við Horn eða Snæfellsnes. M.a. getur Ívar Bárðarson þess í Grænlandslýsingu sinni frá miðri fjórtánda öld, að frá Snæfellsnesi um tveggja dægra sigling sé að Gunnbjarnarskerjum og það tveggja til viðbótar til Grænlands.(13) Þannig hefur Breiðafjörður legið vel við siglingum til Grænlands og þar bjuggu væntanlega vinir og vandamenn þeirra, er flutt höfðu á brott.

Eins og Helgi Guðmundsson hefur fært margvísleg rök fyrir, er ástæða til að ætla, að milliliðaverslun Íslendinga hafi verið ábátasöm, því um eftirsóttan munaðarvarning var að ræða. Verslunin hefur því skapað hagsæld í dölum Breiðafjarðar og Borgarfjarðar. Hugsanlega getur þessi hagsæld skýrt, hvers vegna einstakir höfðingjar – einkum af ætt Sturlunga eða tengdir þeim – komust til gífurlegrar auðsældar og áhrifa. Og hver veit nema þessi hagsæld hafi verið grundvöllur þeirrar bókmenningar íslenskrar, sem að miklu leyti blómgaðist á suðvestanverðu landinu. Fyrrgreindur Helgi virðist ekki velkjast í vafa. Hann segir:

Ljóst er, að ýmsir höfðingjar á þessum slóðum áttu þátt í þessari verzlun, og þeir hafa verið auðugir. Hluti þess ríkisdæmis hefur runnið til kirkjunnar. Kirkjur og klaustur hafa auðgast. Klerkum hefur fjölgað. Fé og erlend menntun er grundvöllur lærdómsiðkana. Á 11., 12. og 13. öld er vitað um ýmsa menn, sem fóru til náms í útlöndum, og þeir hafa kennt öðrum. Á þessum tíma var endurreisn 12. aldar í Evrópu. Á Íslandi var til mjög mikið af erlendum bókum, eins og smám saman er að koma í ljós. Nám erlendis og bækur hafa kostar of fjár. Allstór hópur lærðra manna hefur lesið þessar bækur og þýtt sumar þeirra. Þeir eru einnig höfundar þeirra rita, sem voru frumsamin á íslenzku á þessum öldum.

Íslenzk rit voru á þessum tíma einkum samin á vestanverðu landinu. Það er á svæði, sem nær frá Odda í suðri að Þingeyrum í norðri. Þar hafa verið beztar aðstæður til ritunar bóka og mest eftirspurn. Það bendir til góðs efnahags og sambands við útlönd. Þarna hljóta að vera tengsl við Grænlandsverzlunina.

Afrakstur Grænlandsverzlunarinnar var sennilega fjárhagslegur grundvöllur og um leið helzta ástæða þess, að Íslendingar fóru að leggja stund á sagnaritun og bókagerð í svo miklum mæli.“ (14)

Það, sem kann að renna frekari stoðum undir þessar hugmyndir Helga er sú staðreynd, að þegar loftslag tók mjög að kólna á norðurslóðum á fjórtánda öld, fjaraði

(12) Helgi Guðmundsson. Um haf innan, bls. 72. – (13) Sjá: Ólafur Halldórsson, Ísland í ..., bls. 133. –

(14) Helgi Guðmundsson. Um haf innan, bls. 83.

nokkurn veginn samtímis undan byggð norrænna manna á Grænlandi, samskiptum þeirra við Íslendinga og aðra Evrópubúa, og söguritun á Íslandi.

## Myrkar síðmiðaldir

Síðustu samskipti Íslendinga við „landa“ sína á Grænlandi hafa trúlega átt sér stað kringum aldamótin fjórtán hundruð. Síðasta lífsmark Grænlandinga er hugsanlega í bréfi frá 1424, þar sem Sæmundur Oddsson ber vitni um að frændkonan, Sigríður Björnsdóttir, hafi gifst Þorsteini Ólafssyni. Síðan er eins og raddir hljóðni. Íslenskir Grænlandingar hverfa af spjöldum sögunnar. Heimildir um Grænland næstu aldir eru hverfandi. Grænland fellur í gleymiskunnar dá – eða hér um bil. (15)

Þegar Ormur lögmaður Sturluson, sem ku hafa verið í miklum metum hjá Friðriki öðrum, Danakonungi, minnti kóng sinn veturinn 1567-68 um tilveru Grænlandinga, sá kóngur ástæðu til að kunngera ákvæði í sáttmála Noregskonungs við Grænlandinga þess efnis, að tvö skip, hlaðin nytsamlegum varningi, skyldu send til Grænlands ár hvert:

„Síðan að vjer vorum komnir til vorrar Konglegrar ríkisstjórnar, formerkum vjer í sannleika að þar skyldi vera gjörður nokkur sáttmáli og skildagi upp á beggja síðu, og frá Noregi til Grænlands skyldi sigla tvö skip hvort ár – og færa þangað alla góða, nytsamlega vöru sem landinu og almúga væri til besta – hvað að vjer höfum fengið að vita, að þar hefur verið forsómað fyrir sökum veðranna og tímanna svo og annara stórra forfall nú um tíma verið forsómað (sic) fyrir margar vorar stórnauðsynjar og Konglegt embætti ...“ (16)

Og konungur sendi skip. Þegar stigið var á land sýndi sig, að „...enginn síðmannaður landslýður stóð þar yfir moldum Íslendinga...“ (17) En vafalítið hafa Grænlandingar eins og Íslendingar verslað við fiskimenn Hollendinga og Englendinga. (18)

Það rofar ofurlítið til um frásagnir af Grænlandingum, þegar líða fer á sextánda öldina eins og Sumarliði Ísleifsson bendir á í nýlegri doktorsritgerð sinni. Sumarliði segir:

Heimildir eru ekki margorðar um Grænland á öndverðri 16. öld, enda var það nánast óþekkt í Vestur-Evrópu. En er líða tók á öldina fjölgaði frásögnum. Landkönnuðir fóru að sækja landið heim í vaxandi mæli, og enn frekar síðar á tímabilinu. Inúítar á Grænlandi komust þar með í fyrsta sinn í samband við Evrópumenn, að undanskildum stopulum tengslum þeirra við norræna menn á síðmiðöldum.

Á sautjándu öldinni voru þó enn til „sérvitringar,“ sem lásu fornar, íslenskar bókmenntir, og minntu á tilveru Grænlandinga og hvöttu til þess, að þeim væri sýndur meiri áhugi. Minnt var t.d. á ákvæði samkomulags þeirra við Noregskonung þess efnis, að út skildu sigla verslunarför til landsins. Áhugsamastir þessar „sérvitringa“ voru trúlega Þormóður Torfason, sagnaritari, og Argrímur Þorkelsson Vídalín, skólameistari. Meira að segja var þeirri hugmynd fleygt, að endurnema Grænland frá Danmörku. (20)

Hvað varðar „endurupp götvun“ Evrópumanna á Grænlandi er heimsókn Hans Egede árið 1721 vafalítið sá atburður, er helst markar tímamót í sögu grænlenkrar þjóðar. Segja má, að hún

(15) Ólafur Halldórsson. Grænland í ..., bls. 144. (16) Einar Benediktsson. Örlög Grænlandinga, bls. 211. - (17) Sama rit, bls. 211.- (18) Guðmundur Þorláksson. Grænland .., bls. 72. - (19) Sumarliði Ísleifsson, Tvær eyjar ..., bls. 121. - (20) Kristján Sveinsson. Viðhorf ..., bls.163.)

marki upphaf nýlenduvæðingar lands og þjóðar. (21) Í kjölfar Hans Egede streymdu til Íslands og Grænlands landkönnuðir, ævintýramenn og ferðamenn. Ákafur fylgismaður hans íslenskur, Jón Bjarnason á Ballará, prestur í Skarðsþingum, gerðist talsmaður íslensks trúboðs og landnáms á Grænlandi. Það sama gerði Egill Þórhallason, sem ritaði um land og þjóð og þýddi „katekismus“ á grænlandsku. (22)

Grænlandingar voru ekki hátt skrifaðir á þessum árum – frekar en Íslendingar. Til gamans má geta þess, að Grænlandingar voru þó nefndir í jákvæðum samanburði við Íslendinga af Ida Laura Pfeiffer (1797-1858), austurrískum heimshornaflakkara, landfræðingi og ferðabókarithöfund, sem kom eins síns liðs til Íslands 1845, fyrst kvenna, og ferðaðist víða. Kleif Heklu meðal annars. Ári síðar sagði hún frá ferðum sínum í riti sínu: Reie nach dem Scandinavischen Norden und der Insel Island im Jahre 1845. Hún varð fyrir sárum vonbrigðum með Íslendinga, einkum vegna óþrifnaðar þeirra: „Áleit hún að í óþrifnaði skipuðu Íslendingar tvímælalaust öndvegi meðal þjóða og kæmust bedúinar, arabar og Grænlandingar ekki í hálfkvisti við þá í þeim efnum.“ (23) Fordómarnir leyndu sér varla og birtast í ýmsum ritum – einkum á síðmiðöldum. (23a)

## Nýir tímar

Eins og fram hefur komið lutu Grænlandingar og Íslendingar sama konungi, þ.e. hinum danska. Um miðja nítjándu öldina hófu Íslendingar sjálfstæðisbaráttu af krafti. Sams konar baráttu átti sér ekki stað á Grænlandi um það leyti. Grænlandingar hafa nú öðlast heimastjórn og hafa sjálfsforræði í flestum málum. En á öndverðri tuttugustu öld voru þeir bitbein í heiftúðugum milliríkjadeilum, þar sem einkum tókust á nýlenduherrar þeirra, Danir, Norðmenn og að einhverju marki Íslendingar. Og þeir litu sínum augum hver á silfrið, lærðir og leikir. Áður en hér verður fram haldið er ekki úr vegi að horfa til skrifa þeirra manna íslenskra, er settu nokkurn svip á umræðuna um Grænland og Grænlandinga um aldamótin nítján hundruð.

Sigurður Breiðfjörð, beykir og skáld, dvaldi um tveggja ára skeið með þjóðinni, og Helgi Pétursson fór í vísindalegan leiðangur þangað. Hvernig lýsa þeir landi og þjóð? Sýna þeir grönnum sínum í vestri fordóma? Helgi telur eskimóa, en svo nefnir hann inúíta, góðlynda að eðlisfari og dáist mjög að heiðarleik þeirra (nema hugsanlega gagnvart dönsku drotturunum) og hugviti í sambandi við veiðar þeirra á húðkeipi.

Það er ekki lítið hugvit, sem kajakinn með öllum útbúnaði ber vott um; úr þessum fáu efnum, sem að honum stóðu til boða, hefir Eskimóanum þar tekist að búa til fleytu, sem er svo hentug fyrir hann, að Evrópumenn með allri sinni menningu hafa ekki getað búið til neina hentugri og hlýtur hún að vekja aðdáun allra, sem sjá hana.

Hér ber Helgi Grænlandinga greinilega jákvætt saman við Evrópumenn. Lýsingar hans á grænlandsku kvenþjóðinni orka hugsanlega nokkurs tvímælis í því efni þó:

„Ungu stúlkurnar eru oft laglegar, þær eru svo glaðlegar og feitar, en það eru þó einkum augun og tennurnar, sem eru þeirra prýði. Aðrar eins tennur hefi ég mjög sjaldan séð annars staðar.“ (24).

(21) Sumarliði Ísleifsson. Tvær eyjar ..., bls.131 - (22) Kristján Sveinsson. Viðhorf .. , bls. 167, 174. - (23) Sumarliði Ísleifsson. Ísland ..., bls. 140.- (23a) Sumarliði Ísleifsson. Islands on the Edge:..., bls. 52-58. - (24) Finnur og Helgi. Um Grænland, bls. 35.



Grænlenzku kerlingarnar eru vanalega fádæma ljótar, sköllóttar, sóðalegar og svo magrar, að maður býst nærri því við að heyra hringla innan í skinnfötunum. Kvennfólkið eldist miklu ver en karlmennirnir af því að það hefir svo miklar kyrrsetur í loftillum hýbýlum yfir skinnsaum o.s.frv. og á yfir höfuð ekki góða æfi. (25)

Hér er ekki laust við að gæti kvenfrelsunarhugsana frá hinum mikla snillingi, Helga Péturs. En skoðum hvað öðrum snillingi íslenskum, hagyrðingnum Sigurði Breiðfjörð, þótti um gestgjafa sína.

Skapferði Grænlandinga er meinlaust og blítt; spaklyndi, frjálsræði og jöfnuður eru þar á meðal þeirra, því einginn setur sig upp yfir annan; hver einn má lifa og láta einsog hann vill. Allir virða þann sem er heppinn veiðimaður, og meta mest tillögur hans, og eru yngri menn fúsir að hlýða honum og hans ráðleggingum. Nú þótt að Grænlandingar séu þannig í sjálfræði sínu og laga-lausir og yfirvalda, eru þeir siðlátir og hæverskir og þráttá sjaldan; og beri svo við, þá með hæglæti og meinlausum orðum, þar eingin þess konar orð eru til í máli þeirra, og ekkert hrakyrði nema þetta: „ajorputit“ (=þú ert ónýtur); það er mest reiðiyrði þar í því landi, og það láta Grænlandingar duga með nokkrum hótunum. ... „Þeir eru hreifilátir, og þykjast umfram aðrar þjóðir, og kalla sig eina menn (innuit), en aðra aðskota-dýr (kablúnakka).“ (26)

Hér virðist mér enduróma aðdáun Helga á þjóð hinni grænlenzku, enda þótt hann minni á, að eigi heldur sé hún fordómalaus. En samfélag þeirra hlýtur að vera öðrum til fyrirmyndar. Ætli þarna sé komið sælusamfélagið, sem vitringar ýmis konar hafa leitað að svo lengi og flest okkar dreymir um?

Svo gríðarlegur var áhugi Norðmanna, Íslendinga og Dana á yfirráðum yfir Grænlandi og íbúum þess, að hugsa mætti sér, að þar hefðu hinir áhugasömu grannar fundið fyrirheitna landið – hugsanlega séð auðgunarfæri eins og höfundur Konungsskuggsjár forðum. Sumir töldu sig hafa endurheimt kæra landa. Ólafur Friðriksson náttúrufræðingur skrifar í hrifningu um Grænland og hugsanlegt endurlandnám Íslendinga þar:

Mikil tíðindi hafa gerst á Íslandi, þau mikilvægustu, alt frá landnámstíð: afkomendur fornanna, sem fundu landið og námu það, hafa fundið það á ný. Trú sú á landið og framtíðina, sem týnd var, er nú aftur tekin. Og svo rík er trúin á þjóðina, að margir sjá í anda aftur bygd í hinum fjallgirtu, sumarheitu grænlenzku dölum í Eystri- og Vestribygð ... Og því trúir þjóð [Íslendingar], að þessir dalir, sem nú eru að mestu þögulir, en þar sem kátir sveinar skemtu áður meyjum með íslenzkum gamanyrðum og smalinn gældi við hundinn sinn á Íslenzku, og mæðurnar svæfðu börnin sín við íslenzk vögguljóð, eigi aftur að byggjast Goðþjóð. (27)

Það var engu líkara, en að sumir Íslendinga samsömuðu sig hinni grænlenzku þjóð og sæktu þangað einnig púður í sjálfstæðisbaráttuhólkinn. Einar Benediktsson, lögfræðingur og skáld, var ómyrkur í máli um viðmót sameiginlegrar herraþjóðar gagnvart Grænlandingum. Hann reit undir lok fyrri heimsstyrjaldar:

Harmasaga hinnar fornu, föllnu nýlendubjóðar, bregður einkennilegu skörpu ljósi,

(25) Finnur og Helgi. Um Grænland, bls. 37.– (26) Sigurður Breiðfjörð. Frá Grænlandi, bls. 52-54. - (27) Ólafur Friðriksson. Frá Vestfjörðum..., bls. 154-155.

einnig fyrir lífskjör þjóðar vorrar um langar aldir, undir kúgun erlenda ofbeldisins og fjárdráttarins. Og seinni afskiptin af Grænlandi, þar sem nokkrar þúsundir Skrælingja hafa verið haldnar í landsfangelsi, til þess að Danir gæti búið einar að þeim, eru ekki síður upplýsandi um það yfirleitt hvert gagn „hjálandu“-ráðsmennska Dana vinnur mannúð og menningu heimsins.(28)

Einar notar orðið, Skrælingi, í þessari tilvitnun, að því er virðist í hlutlausum skilningi, sbr. umræðu um hugtakið fyrr í þessari ritgerð, samtímis því, að auðsýnd er samúð hans með nágrönnunum. Einar ritaði fleiri greinar þess efnis, að Íslendingar ættu sögulegt tilkall til Grænlands. Hann fer ekki í grafgötur með skoðun sína og skrifar árið 1924:

En fyrir hvern hafa þeir [Danir] varðveitt landið, óbyggt eins og það er, sem kirkjugarð fornra, íslenskra nýlendumanna og rannsóknarsvæði vísindamanna af ýmsum þjóðum? – Úrslitin, sem orðin eru um frelsisbaráttu Íslands sjálfs, gefa skýrt svar. Eins og það var viðurkennt með málaskilnaði vorum við Dani, að gamli sáttmáli stofnaði aðeins konungseining við Noreg og síðan við Danmörk, eins er Grænland enn til þessa dags rjettmæt eign Íslands og að þjóðalögum háðfullveldi þess, síðan móðurlandið sjálft er tekið í tölu frjálsra ríkja, með þeim hætti sem orðið er, þannig að ríkiseiningarkenningin danska, sem áður var svo lengi haldið fram í Höfn, er nú kveðin niður fyrir fullt og allt með einföldum lögum ríkisþingsins og eptir samráði helstu danskra lögfræðinga. (29)

Í svipaðan streng tekur Jón Dúason og brigslar Dönnum um sögufölsun. Hann skrifar tuttugu og fimm árum seinna m.a.:

Samkvæmt upphafi Úlfljótslaga náði íslenska þjóðfélagsvald minnst út að yztu sjónarvidd frá hafi til lands, sem er meiri fjarlægð en sjónarviddin frálandi til hafs. Inna þessarar fjarlægðar lágu ekki aðeins tindar Grænlands, heldur og kaflar af austurströnd Grænlands, því Ísland hillir þar upp jafnvel niður við sjávarmál. Að þessu leyti var Grænland hluti hins íslenska þjóðfélags allt frá stofnun þess, 927-930. (30)

Um hinn mikla áhuga íslensku þjóðarinnar fyrir Grænlandi á öllum öldum er óþarft að ræða hér. Aldrei hefur hún afsalað sér rétti sínum til Grænlands með kæruleysi eða gleymsku. Á 16., 17. og 18. öld háðu Íslendingar harða baráttu fyrir því að fá endurlífgað siglingasambandið við Grænland, komið hjálp til landa sinna þar. Í þessum skrifum er allsstaðar talað um Grænland sem nýlendu Íslands eða „islandorum colonia“, og efaði enginn þessa réttarstöðu Grænlands til Íslands fyrr en á 19. öld, að Danir tóku að falska söguna. (31)

Rökum þeirra Jóns og Einars var hæversklega en ákveðið mótmælt af Ólafi Lárussyni, þáverandi lagaprófessor við HÍ, í Andvara 1924. Hann leyfir sér þó, að löðruna starfsbróður sinn, þegar hann ályktar: „Og viljum vér gjöra kröfur til Grænlands nú, þá skulum vér byggja þær kröfur á einhverju öðru en því, að umhverfa sögulegum sannindum. Því það hefnið sín.“ (32) Einar svarar svo grein Ólafs ári síðar í sama blaði, en efnislega hefur hann ekkert nýtt fram að færa. Páll Jónsson tók til andmæla gegn Jóni Dúasyni í Rétti 1919. (34) Síðan virðist

(28) Einar Benediktsson. Ingólfur..., bls. 157-158 – (29) Einar Benediktsson. Þrætan..., bls. 98. – (30) Jón Dúason. Ísland og Grænland..., bls. 195. – (31) Sama rit, bls. 199. – (32) Ólafur Lárusson. Réttarstaða..., bls. 64. – (33) Einar Benediktsson. Forn..., bls. 121-143. – (34) Páll Jónsson. Ísland eða..., bls. 112.

málinu hafa drepist á dreif og landakröfum ekki fylgt eftir, enda komst stjórnskipuð nefnd að sömu niðurstöðu og Ólafur.

Það var rétt eins og Íslendingar um miðbik tuttugustu aldar ættu í erfiðleikum með á gera upp hug sinn um nágrenni í vestri. Árið 1962 ræðst Bókaútgáfa Menningarsjóðs í útgáfu smárits eftir Jóhann Briem, sem ber það skáldlega nafn: „Milli Grænlands köldu kletta.“ Þar er þessa sköndu lýsingu á Skrælingjum að finna:

Allir eru brúnir, sumir mjög dökkir og hrukkóttir, auðsýnilega ekki mikið blandaðir hvíttra manna blóði, með grettinn eskimóasvip. Aðrir eru meira blandaðir, gulbrúnir, og líkjast mjög Kínverjum, einkum konur. Þeir, sem mest eru blandaðir, hafa næstum því misst skrælingjasvipinn og gætu vel verið frá Ítalíu eða Spáni. Þeir eru myndarlegri en norðurlandafólk, yfirbragð dökkt, hárið slétt, blásvart, og yndisþokki í hreyfingum. (35)

Þetta virðist mér dæmalaus „fordómahrærigrautur,“ en þó ekki öldungis ólíkur þeim sem ímyndarsérfræðingar sumir hverjir beita í starfi sínu nú á dögum við að greina sundur þjóðir eins og t.d. hinn nafntogaða Simon Anholt, sem Viðskiptaráð fékk til liðs við sig fyrir fáeinum árum til að greina íslenskt þjóðareðli.

... Simon Anholt lýsir Íslendingum sem skemmtilegri blöndu af Norðurlandabúa og svo ákveðnum þáttum sem frekar eru tengdir við hið suðræna. Íslendingar leggja áherslu á hæfni og skilvirkni líkt og er oft tengt við Norðurlöndin, en við höfum líka kjark, blóðhita og ástríðu líkt og Miðjarðarhafsbúar – og þetta er togstreita innan hvers Íslendinga. (36)

En beinum þá sjónum aftur að tvíráðum viðhorfum Íslendinga gagnvart Grænlandi um miðbik síðustu aldar. Enn þá virðist lítið á Grænlandi sem týnda Íslendinga. Ragnari V. Sturlusyni lá svo mjög málefnið á hjarta, að hann stofnaði upp á eigin spýtur tímaritið Grænlandsvininn. Stuðningur við útgáfuna var þó heldur dræmur. En trúlega lýsir upphafsýfirlýsing Grænlandsvinarins viðhorfum Íslendinga um þessar mundir. Þar segir:

Í hugum allra þjóðhollra Íslendinga á vitundin um Grænland sér djúpar rætur. Allt frá þeim dögum er harmsaga Snæbjarnar Galta, finnanda Grænlands, og félags hans gerðist á tíundu öld sem og sigling landnámsflotans með Eirík rauða í fararbroddi til þessara nýju áttuga í skjóli "várra laga", hefur saga Grænlands verið samofin vitundarlífi íslenskra „sögu“-manna engu síður en saga Íslands sjálfs. (37)

## Niðurlag

Svar við spurningunni; „hvað einkenndi samskipti Íslendinga og Grænlandi fram undir miðbik síðustu aldar,“ hlýtur eðli landnámsins vegna að vera margskipt. Það virðist varla nokkrum vafa undirorpið, að samskipti Íslendinga við landnema af íslensku eða norrænu bergi brotna, voru friðsamleg í aðalatriðum og vingjarnleg. Svo virðist sem Íslendingar á miðöldum hafi lítið á norræna Grænlandi sem bræður og systur undir sömu lögum. Enda var mikill samgangur á milli landanna, þar til á fjórtánda öld. Færð hafa verið veigamikil rök fyrir þeirri hugmynd, að viðskipti Grænlandi við umheiminn hafi að töluverðu leyti farið um Ísland.

(35) Jóhann Briem. Milli Grænlands..., bls. 52-53. – (36) Guðni Elísson. Vogun vinnur..., bls. 128. - (37) Ragnar V. Sturluson. Grænlandsvinurinn, upphafssíða.

Kaupahéðnar íslenskir og höfðingjar á meginverslunarsvæðinu við Breiðafjörð og Borgarfjörð auðguðust mjög af þessum viðskiptum. Verslunarauðurinn hefur vafalítið gert námsmönnum kleift að stunda nám í útlöndum og skapað markað fyrir bækur. Þannig varð umgetin verslun að sumu leyti undirstaða einustu menningarafreka Íslendinga fyrr og síðar. Þegar minni konunga Noregs og Danmerkur (Kalmarsambandið meðhugsað) hafði daprast mjög um þegna sína lengst í vestri, höfðu Íslendingar forgöngu um að blása í sögueldinn. Það varð beint og óbeint til þess að Grænland og íbúar þess voru „enduruppgötvaðir“ af grönnunum í austri.

En endurfundirnir hafa að öllum líkindum verið svipaðir hinum fyrri, mótast af undrun, fyrirlitningu og forsjárhyggju. Eiginleg nýlendudrottun átt sér þó fyrst stað við endurfundina. Íslendingar sem þjóð eða ríki báru þó ekki ábyrgð á henni sem slíkri, en málsmetandi Íslendingar sumir höfðu greinilegan áhuga á nýtingu auðlinda granna sinna og öðrum var umfram að boða inúítum „réttá“ trú og menningu. Á því tímabili, sem hér er skoðað, verður ekki, samkvæmt mínum heimildum, vart við stuðning Íslendinga gagnvart Grænlandingum á forsendum þeirra sjálfra. Þvert á móti er „umhyggjan“ veitt eða um hana talað á mæðarlegum og niðrandi nótum ellegar tilkall gert til eyjarinnar.

Fátt, ef nokkuð, er í sjálfu sér – á grundvelli uppgefina heimilda – vitað um viðhorf grænlenkra inúíta sem slíkra til Íslendinga sem þjóðar eða ríkis. Það er varla nokkur ástæða til að ætla, að þeir hafi skilið sjálfa sig sem þjóð. En trúlega hefur tungan tengt saman misstóra flökkuhópa veiðimanna. Allavega nóg til þess, að þeir gerðu greinarmun á sjálfum sér og öðrum – væntanlega þeim, sem ekki töluðu tungu þeirra. Sjálfir voru þeir menn, hinir aðskotadýr. En þetta stef hefur verið þekkt um aldur og ævi (trúlega) um alla jarðarkringluna. Svona eru menn bara.

## Heimildskrá

Beller, Manfred. „Skynjun, ímynd, ímyndafræði“. *Ímyndir og ímyndafræði. Greinasafn.* (Þýð. Árni Óskarsson.) (INOR, Reykjavíkur Akadémían 2011), bls.11-21.

Einar Benediktsson. „Réttarstaða Grænlands.“ *Ingólfur*, 12. árg., 40. tbl. (1914), bls. 157-158.

Einar Benediktsson. „Örlög Grænlandinga.“ *Iðunn*, nýr flokkur 10, (1916).

Einar Benediktsson. „Þrætan um Grænland.“ *Andvari* 49. árg. 87-109. tbl. (1924).

Einar Benediktsson. „Forn staða Grænlands.“ *Andvari*, 50. árg., (1925), bls. 121-143.

Finnur Jónsson og Helgi Pétursson. *Um Grænland að fornu og nýju.* (Kaupmannahöfn, kostnaðarmaður: Oddur Björnsson, 1899).

Flosi Ólafsson. „Vikuskammtur.“ *Þjóðviljinn*, 49. árg., tbl. 163, ( 1983), bls. 2.

Gísli Jónsson. „Íslenskt mál.“ *Morgunblaðið*, 176. tbl., 14.08 (1982), bls. 9.

Guðmundur J. Guðmundsson. „Grænland og umheimurinn. Norrænir menn á Grænlandi og samskipti þeirra við umheiminn fram til 1400.“ *Skírnir* 178. árg. (vor 2004), bls. 59-82.

Guðmundur J. Guðmundsson. *Á hjara veraldar. Saga norrænna manna á Grænlandi.* (Rvk., Sögufélag, 2005.)

Guðmundur Þorláksson. *Grænland. Lýsing lands og þjóðar.* (Rvk. Iðunnarútgáfan 1948).

Guðni Elísson. „Vogun vinnur. Hvar liggja rætur íslenska fjármálahrunsins.“ *Saga*, árg. XLVII (2009), bls. 117-146.

Heiðar E. Geirdal. „Skrælingjar.“ *Samtíðin*, 1.tbl. (1944), bls. 15-17.

Heiðar Guðjónsson. *Norðurslóðasókn. Ísland og tækifærin.* (Rvk., Sögur 2013).

Helgi Guðmundsson. *Um haf innan. Vestrænir menn og íslensk menning á miðöldum.* (Rvk. Háskólaútgáfan 1997).

*Ísafold* (1904), 17. des.

Jón Dúason. „Hvaða menn voru skrælingjar?“ *Fálkinn*, árg. 22, 3. tbl. (1949), bls. 9-14.

Jón Dúason. „Ísland og Grænland: nokkur atriði varðandi yfirráðarétt Íslands yfir Grænlandi.“ *Eimreiðin*, 55. árg. 3. tbl. (1949), bls. 195-201.

Jóhann Briem. *Milli Grænlands köldu kletta.* (Rvk., Bókaútgáfa Menningarsjóðs, 1962).

Kristján Sveinsson. „Viðhorf Íslendinga til Grænlands og Grænlandinga á 18., 19. og 20. öld.“ *Saga* 32. árg. 1. tbl. (1994).

Ólafur Friðriksson. *Frá Vestfjörðum til Vestribygðar. För Friðþjófs Hansen og féлага hans yfir meginjökul Grænlands.* (Rvk., Prentsmiðjan Gutenberg, 1927.)

Ólafur Halldórsson. *Grænland í miðaldaritum.* (Rvk. Sögufélag, 1978).

Ólafur Lárusson. „Réttarstaða Grænlands að fornu.“ *Andvari*, 49. árg., (1924)bls. 28-64.

Páll Jónsson. „Ísland eða Grænland.“ *Réttur*, 4. árg. (1919), bls. 112.

Ragnar V. Sturluson. „Ávarp.“ *Grænlandsvinurinn*, 1. árg. tbl. 1 (1954), bls. 1.

Sigurðar Breiðfjörð. *Frá Grænlandi.* (Rvk., kostnaðarmaður: Sigurður Erlendsson, 1912).

Sumarliði Ísleifsson. *Ísland: framandi land.* (Rvk. Mál og menning, 1996).

Sumarliði Ísleifsson. „Islands on the Edge: Medieval and Early Modern National Images of Iceland and Greenland.“ Sumarliði Ísleifsson (ritstjóri í samvinnu við Daniel Chartier). *Iceland and the Images of the North.* (Rvk. Reykjavíkúrákademían 2011), bls. 41-66.

Sumarliði Ísleifsson. *Tvær eyjar á jaðrinum. Ímyndir Íslands og Grænlands frá miðöldum til miðrar 19. aldar.* (Rvk. Háskólaútgáfan, 2014.).

Örvar Þóreyjarson Smáráson. „Ljóð.“ *Grapevine* 12. tbl. (Reykjavík), 2006.